

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyrarbakkahrepps nr. 333/1987, sbr. samþykkt nr. 477/1990.

1. gr.

12. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar.

Reglulegir fundir hreppsnefndar skulu að jafnaði haldnir í fundarsal í íþrótt- og samkomuhúsinu Stað og hefjast klukkan 17.30 síðdegis. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsnefndar og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

2. gr.

56. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Hreppsnefnd kys í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn*. Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara sbr. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar*. Tveir aðalmenn (hrepptjóri sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara sbr. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. Til eins árs. Á fundi í apríl ár hvert, nema að afloknum hreppsnefndarkosningum, þá í júní:

1. *Stjórn Selfossveitna b.s.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. samningi um byggðasamlagið milli sveitarstjórna Eyrarbakkahrepps, Stokkseyrarhrepps og Selfossbæjar, sem staðfestur var af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps 13. september 1992.
2. *Aðalfundur SASS*. Þrír fulltrúar og tveir til vara skv. lögum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.
3. *Aðalfundur Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands*. Einn fulltrúi og annar til vara skv. lögum sjóðsins.

C. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Áfengisvarnarnefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. *Almannavarnarnefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir með áorðnum breytingum, sbr. 2. mgr. 7. gr. sömu laga.
3. *Búfjáreftirlitsmaður* og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.
4. *Byggingar- og skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Jafnframt skal nefndin fjalla um og gera tillögur til hreppsnefndar um skipulags- og landnýtingarmál.
5. *Félagsmálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefnd fer með það hlutverk, sem félagsmálanefndum er falið í 11. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og annast vernd barna og ungmenna skv. lögum um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, þar til og ef barnaverndarmálum verður skipað með

- öðrum hætti í Árnæssýslu, sbr. 1. mgr. 6. gr. þeirra laga. Jafnframt fer félagsmálanefnd með stjórn öldrunarmála, þ.m.t. heimilishjálp skv. samþykkt um heimilishjálp í Eyrarbakkaheppi nr. 431/1975 og umsjón með félagsstarfi öryrkja og eldri borgara í hreppnum. Svo og fer félagsmálanefnd með störf jafnréttisnefndar skv. 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991.
6. *Heilbrigðisnefnd Selfossvæðis*. Einn fulltrúi í nefndina og annan til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
 7. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 40. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993.
 8. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
 9. *Leikskólanefnd*. Þrír aðalmenn og þrír til vara. Nefndin fer með málefni leikskólans á Eyrarbakka skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
 10. *Skólanefnd*. Þrír aðalmenn og þrír til vara. Nefndin fer með málefni Barnaskólans á Eyrarbakka skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
 11. *Stjórnarnefnd vinnumiðlunar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
 12. *Úttektarmaður og tveir* til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
 13. *Héraðsnefnd Árnésinga*. Einn fulltrúi og annar til vara skv. samningi sveitarfélaga í Árnæssýslu um héraðsnefnd Árnésinga.
 14. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og annar til vara skv. 4. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga.
 15. *Menningarmálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með stjórn Bókasafns UMFE skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 50/1976 og starfar með bókaverði og annast m.a. bókakaup í samvinnu við hann og hefur umsjón með Sjóminjasafninu á Eyrarbakka skv. stofnskrá safnsins frá september 1991. Jafnframt fjallar menningarmálanefnd og gerir tillögur til hreppsnefndar um vinabæjasamstarf og ýmsa menningarlega viðburði í sveitarfélaginu.
 16. *Umhverfis- og ferðamálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal fylgjast með umhverfi þorpsins, svo sem að það sé hreinlegt og vera verkstjóra hreppsins til ráðgjafar um umhverfismál. Ennfremur fjallar nefndin um og gerir tillögur til hreppsnefndar um ferðamál og ferðamannaþjónustu í hreppnum.
 17. *Æskulýðs- og íþróttamálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er hreppsnefnd til ráðgjafar um æskulýðs- og íþróttamál. Nefndin er jafnframt hreppsnefnd til ráðgjafar um málefni íþróttahúss og íþróttavallar. Nefndin skal í störfum sínum hafa náið samstarf við íþrótt- og æskulýðsfélög í sveitarfélaginu og gera tillögur um fjárveitingar til þeirra.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbakkahepps hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. ágúst 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

_____ *Sesselja Árnadóttir.*